



Atvinnuveganefnd Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2013

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld, þskj. 15 - 15. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka atvinnulífsins, hér eftir nefnd samtökin, um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld, þskj. 15 -15. mál.

Samtökin gáfu ítarlega umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld, þskj. 1053 - 658. mál, þann 23. apríl 2012. Umsögnin var m.a. studd álitserð lögmannstofunnar LEX og endurskoðunarfyrtækisins Deloitte.¹ Í umsögninni var sýnt fram á skaðsemi frumvarpsins fyrir sjávarútveginn og einnig að það stæðist ekki tilgreind ákvæði stjórnarskrárinnar.

Fjölmarginir aðrir aðilar gáfu umsagnir um frumvarpið í sömu veru. Þrátt fyrir það varð frumvarpið að lögum nr. 74/2012 með nokkrum breytingum, sem breyta þó ekki niðurstöðu umsagnar samtakanna. Samtökin leggja því ofuráherslu á að lög um veiðigjöld verði felld úr gildi. Samtökin telja mikilvægt að við setningu nýrra laga um veiðigjöld verði haft náið samráð við atvinnugreinina og tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram voru færð í umsögn samtakanna.

Í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er lagt til að veiðigjöld næsta fiskveiðiárs verði ákveðin með bráðabirgðaákvæði við lög nr. 74/2012, sbr. 2. grein frumvarpsins. Þá er ráðherra veitt heimild til að ákveða aðra gjalddaga veiðigjalda en kveðið er á um í 14. grein laganna, sbr. 1. grein frumvarpsins.

Samtökin telja að í öllum tilvikum beri að innheimta veiðigjöld eftir að tekna hefur verið aflað og leggja því til að 1. grein frumvarpsins verði breytt þannig að kveðið verði á um að veiðigjöld verði innheimt af lönduðum afla.

¹ <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=140&malnr=658&dbnr=1886&nefnd=av>

Samtökin telja að í stað þess að kveða á um veiðigjöld fiskveiðiársins 2013/2014 í bráðabirgðaákvæði væri rétt að ákveða nú þegar framtíðarfyrirkomulag álagningar veiðigjalda.

Samtökin telja að þau veiðigjöld sem fyrirhugað er að leggja á samkvæmt 2. grein frumvarpsins séu alltof há og mótmæla sérstaklega hækkun sérstaks veiðigjalds á uppsjávarfisk.

Samtökin telja að ekki beri að veita afslátt af sérstaka veiðigjaldinu vegna fyrstu 100 þorskígildanna og leggja til að sérstaka veiðigjaldið eins og það verður endanlega ákveðið fyrir næsta fiskveiðiár verði lækkað um ákveðna krónutölu sem afslættinum nemur.

Við ákvörðun sérstaka veiðigjaldsins samkvæmt frumvarpinu er að hluta til stuðst við ákvæði laga nr. 74/2012 og meðal annars miðað við metinn hagnað útgerðar og fiskvinnslu árið 2011, en metið hlutfall hagnaðar í fiskvinnslu lækkað. Samtökin mótmæla því harðlega að útgerðir sem ekki reka fiskvinnslu séu skattlagðar vegna metins hagnaðar fiskvinnslu óskyldra aðila.

Samtökin benda á að við ákvörðun sérstaka veiðigjaldsins samkvæmt frumvarpinu er byggt á mati Hagstofu Íslands á afkomu sjávarútvegsins árið 2011. Fyrir liggur að Hagstofan hefur ofmetið afkomuna um allt að 5 milljarða króna vegna ársins 2011. Hvað sem öðru líður er nauðsynlegt að leiðrétta fyrir þessu ofmati.

Þar sem skattlagningin er miðuð við afkomu sjávarútvegsins í heild verður skattlagningin afar þung fyrir einstök fyrirtæki. Þá endurspeglar þorskígildisstuðlar sem notaðir eru til að deila gjaldinu á milli fisktegunda ekki mismunandi kostnað við veiðarnar og því verður gjaldtakan sem hlutfall af afkomu einstakra tegunda afar misjöfn. Útilokað er að halda því fram að við veiðar á fjölmörgum tegundum sé til staðar afkoma sem réttlæti sérstaka skattlagningu þeirra.

Samtökin telja ófært að leggja veiðigjöld á einstök fyrirtæki vegna afkomu annarra aðila, með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu. Ef ríkisvaldið hyggst leggja sérstök veiðigjöld á sjávarútveginn verður slík skattlagning að miða við afkomu einstakra fyrirtækja og þá einungis á svonefndan „umframhagnað“ sem hefur verið skilgreindur sem hagnaður umfram það sem almennt gerist í atvinnurekstri. Mikilvægt er við slíka skattlagningu að fyrirtækjum í sjávarútvegi sé ekki mismunað. Athygli er vakin á því að afsláttur af sérstaka veiðigjaldinu vegna vaxtakostnaðar kemur afar misjafnt niður og ætti sú mismunun að hverfa og sérstaka veiðigjaldið að lækka vegna fjármagnskostnaðar allra rekstrarþátta hjá öllum.

Þá telja samtökin að jafnræðis verði að gæta við skattlagningu þeirra aðila sem nýta náttúruauðlindir með sambærilegum hætti.

Samtökin telja að sú skattlagning sem felst í frumvarpinu standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar og hvetur Alþingi til að bæta úr því.

Virðingarfyllst,



f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva



f.h. Samtaka atvinnulífsins